**Sþ. 124. Fyrirspurnir [121. mál]**

I. Til forsætisráðherra um rannsóknir og viðvörunarkerfi í Mývatnssveit.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að tryggja öryggi íbúa Mývatnssveitar, en áttunda og kröftugasta gosið í Kröflueldum hófst 18. nóvember s. l.?
2. Hyggst ríkisstjórnin veita Norrænu eldfjallastöðinni, sem að öðru leyti er kostuð af samnorrænu fé, það fjármagn sem sannanlega skortir á svo að unnt sé að reka viðvörunarkerfi í Mývatnssveit áfram og stunda rannsóknir því tengdar?

II. Til iðnaðarráðherra um raforkuverð til fjarvarmaveitna.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi raforkuverð til fyrirhugaðra fjarvarmaveitna í þéttbýlisstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi?